

Alþingi
Erindi nr. P 126/932
komudagur 18.1. 2001

Heilbrigðis- og trygginganefnd,
b.t. Nefndarritara,
Þórshamri,
v/Templarasund,
150 Reykjavík.

18. janúar 2001

Hjálagt sendist reglugerðir og reglur varðandi tóbak- og tóbaksvarnarmál, sem beðið var um á fundi þann 18. janúar 2001.

Gudrún W. Jónsdóttir

REGLUR

um tóbaksreykingar um borð í skipum.

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið reglna þessara er að tryggja að skipverjar, sem ekki reykja, verði ekki fyrir skaða og óþægindum af völdum tóbaksreyks á vinnustað sínum.

Reglurnar gilda um þann hluta skips sem sérstaklega er ætlaður skipverjum og ekki fellur undir takmarkanir á reykingum vegna aðgangs almennings, s.s. í farþegaskipum og ferjum.

Takmörkun á tóbaksreykingum um borð í skipum.

2. gr.

Vinni skipverji einn á vinnustað í skipinu getur hann ákveðið hvort reykt sé þar, en tekið skal tillit til þeirra sem þangað eiga erindi.

Í vinnurými þar sem tveir eða fleiri skipverjar vinna eru tóbaksreykingar óheimilar nema skv. samkomulagi skipverja og skal þannig frá málum gengið að reykingar valdi ekki óþægindum fyrir þá sem ekki reykja.

Reykingar má leyfa á salernum enda sé fullnægjandi loftræsting þar með útsogi.

3. gr.

Í matsölum og setustofum má heimila reykingar á sérstökum svæðum skv. samkomulagi skipverja. Þar sem því verður við komið skal matsölum og setustofum skipt þannig að annars vegar séu reykingar leyfðar en hins vegar ekki. Á reyksvæðum skal skylt að koma fyrir útbúnaði til að soga út reyk eða á annan hátt þannig frá málum gengið að reykur berist ekki yfir á reyklausa svæðið.

Hvorki má reykja við matargerð né í nánd við óvarin matvæli, sbr. 5. málsg. 10. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari breytingum.

4. gr.

Þar sem tveir eða fleiri búa saman í svefnklefa eru reykingar óheimilar nema með samkomulagi allra er þar búa. Reykingar í hvílum eru þó ávallt bannaðar.

5. gr.

Að öðru leyti en um getur í 2.–4. gr. fer um reykingar um borð í skipum skv. samkomulagi skipverja.

Merkingar.

6. gr.

Þar sem tóbaksreykingar eru óheimilar skal það gefið til kynna með merkingum eða á annan greinilegan hátt.

Loftræsting.

7. gr.

Þar sem tóbaksreykingar eru leyfðar skal vera fullnægjandi loftræsting með útsogi.

Eftirlit og viðurlög.

8. gr.

Ágreining sem upp kann að koma um framkvæmd þessara reglna skal leitast við að leysa um borð í skipinu með viðræðum skipstjóra og þeirra skipverja sem í hlut eiga.

Telji skipverji að reglur þessar séu brotnar og að ekki hafi nást að leysa ágreining í samræmi við ákvæði 1. málsg. getur viðkomandi kært það til trúnaðarmanns á viðkomandi skipi.

Sætti skipverji sig ekki við úrlausn samkvæmt 2. málsg. getur hann skotið málinu til Siglingamálastofnunar ríkisins.

9. gr.

Um brot gegn reglum þessum fer skv. lögum nr. 74/1984, sbr. þó 8. gr.

10. gr.

Reglur þessar sem settar eru í samráði við Siglingamálastofnun, með stoð í 3. málsg. 13. gr. laga nr. 74/1984, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. mars 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Dögg Pálsdóttir.

SAMÞYKKT

um búfjárhald á Höfn.

1. gr.

Tilgangur samþykktar þessarar er að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi á Höfn, koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir bæjarbúa og gæta þess að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrífaleg og í samræmi við vilja bæjarstjórnar.

2. gr.

Allt búfjárhald (alifugla, geita, hrossa, kanína, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína) er óheimilt innan bæjarmarka Hafnar nema með leyfi bæjarstjórnar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a. að búfjáreigendur hafi jafnan fullnægjandi aðstöðu til þess að halda búfé, bæði hvað varðar húsakost og fóður. Þeir skulu gæta þess að fjöldi búfjár sé innan þeirra marka sem bæjarstjórn hefur tiltekið í leyfi sínu. Búfjárefirlitsmenn skulu fylgjast með því að reglur þessar séu haldnar.
- b. að aðbúnaður búfjár og meðferð þess sé jafnan í fyllsta samræmi við ákvæði laga um búfjárhald og dýravernd. Þá er búfjáreigendum skylt að hlíta hvers konar fyrirmælum um hreinlæti og heilbrigðishætti. Heilbrigðisfulltrúi fylgist með því að reglur þessar séu haldnar.
- c. að búfé sé ávallt í öruggri vörslu búfjáreigenda. Þeir bera fulla bótaábyrgð á öllu tjóni, sem búfé þeirra kann að valda.
- d. að verði breyting á eignarhaldi búfjár, ber að gera bæjarstjórn grein fyrir því, sem þá ákveður framhald leyfisveitingar.
- e. að bæjarstjórn sé heimilt að innheimta leyfisgjald af búfé utan lögbýla til að standa undir kostnaði við forðagæslu og búfjárefirlit. Skiptist það í grunnjald og gjald fyrir fjölda búfjár hvers eiganda.

3. Uppsögn.

Segja má fjarskiptasambandi upp um mánaðarmót með minnst eins mánaðar fyrirvara nema þar sem sérákvæði gilda og skal uppsögn vera skrifleg.

VIII. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti með áorðnum breytingum samkvæmt 5. gr. laga nr. 32 frá 1993 og gengur í gildi 1. ágúst 1995. Reiknast nýju gjöldin fyrir þjónustu veitta 1. ágúst 1995 eða síðar.

Póst- og símamálastofnunin, 26. júlí 1995.

Ólafur Tómasson.

Guðmundur Björnsson.

REGLUGERÐ

um viðvörunarmerkingar á tóbaki.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tóbak má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að viðvörun um skaðsemi vörunnar sé skráð á umbúðir hennar skv. ákvæðum 2. - 6. gr. eða 7. gr. reglugerðar þessarar.

Með tóbaki er átt við vörur unnar að öllu leyti eða að hluta til úr tóbaki, svo sem vindlinga (sígarettur), vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak. Með munntóbaki er átt við allar munntóbaksvörur, að öllu leyti eða að hluta til úr tóbaki, nema þær sem eru ætlaðar til reykinga eða eru tuggðar, sem eru í formi dufts eða fingerðra agna eða samsettar úr þessum formum, einkum tóbaksvörur í bréfum eða gropbréfum, eða í formi er minnir á matvæli.

2. gr.

Viðvörunin „Tóbak hefur mjög skaðleg áhrif á heilsu“ skal prentuð eða rækilega fest á mest áberandi stað á umbúðir tóbaks.

Viðvörunin skal vera skýr og læsileg, feitletruð, prentuð á bakgrunn sem sker sig frá á þann hátt að ekki sé hætt á að hún skemmist þegar umbúðirnar eru opnaðar og ekki vera prentuð á gagnsæjar umbúðir eða aðrar ytri umbúðir. Stærð viðvarana skal vera skv. 3. mgr. 3. gr. á umbúðum vindlinga en 2. mgr. 4., 5. og 6. gr. á öðrum tóbaksumbúðum, sbr. 7. gr. um myndmerkingar.

Vindlingar.

3. gr.

Á hlið vindlingapakka skulu prentaðar upplýsingar um tjöru- og nikótíninnihald viðkomandi tegundar samkvæmt ISO-stöðlum 4387 og 3400. Ganga skal úr skugga um nákvæmni slíkra upplýsinga í samræmi við ISO-staðal 8243. Upplýsingarnar skulu vera á

Endurprentað blað.

íslensku, prentaðar á hlið pakkans með skýru læsilegu letri sem sker sig frá bakgrunni og þekur a.m.k. 4% flatar.

Á annan af tveimur stærstu flötum vindlingapakka skal prentuð viðvörðun samkvæmt lista A á fylgiskjali 1. Viðvaranir skulu dreifast jafnt á pakkningar, innan 5% skekkjumarka.

Viðvörðun skv. 2. mgr. skal ásamt viðvörðun skv. 2. gr. þekja a.m.k. 4% af tveimur stærstu flötum vindlingapakans. Hún skal vera skýr og læsileg, feitlettuð, prentuð á bakgrunn sem sker sig frá á þann hátt að ekki sé hættá á að hún skemmist þegar pakkinn er opnaður og ekki vera prentuð á gagnsæjar umbúðir eða aðrar ytri umbúðir.

Vafningstóbak.

4. gr.

Á öðrum af stóru flötum umbúða vafningstóbaks skal vera viðvörðun af lista A á fylgiskjali 1. Viðvaranir skulu dreifast jafnt á umbúðir, innan 5% skekkjumarka.

Viðvörðunin skal prentuð eða rækilega fest á umbúðirnar og skal ásamt viðvörðun skv. 2. gr. þekja a.m.k. 1% af heildaryfirborði þeirra. Hún skal vera auðlæsileg og óafmáanleg. Merkingin skal vera á áberandi stað á bakgrunni sem sker sig úr og óheimilt er að hylja hana, brengla eða skipta með öðru rit- eða myndmáli.

Vindlar og reyktóbak.

5. gr.

Á umbúðum vindla, smávindla, píputóbaks og annars reyktóbaks skal vera viðvörðun af lista B á fylgiskjali 1. Viðvaranir skulu dreifast jafnt á umbúðir.

Viðvörðunin skal prentuð eða rækilega fest á umbúðirnar og skal ásamt viðvörðun skv. 2. gr. þekja a.m.k. 1% af heildaryfirborði þeirra. Hún skal vera auðlæsileg og óafmáanleg. Merkingin skal vera á áberandi stað á bakgrunni sem sker sig úr og óheimilt er að hylja hana, brengla eða skipta með öðru rit- eða myndmáli.

Reyklaust tóbak.

6. gr.

Viðvörðunin „Veldur krabbameini“ skal vera á umbúðum reyklauss tóbaks.

Viðvörðunin skal prentuð eða rækilega fest á umbúðirnar og skal ásamt viðvörðun skv. 2. gr. þekja a.m.k. 1% af heildaryfirborði þeirra. Hún skal vera auðlæsileg og óafmáanleg. Merkingin skal vera á áberandi stað á bakgrunni sem sker sig úr og óheimilt er að hylja hana, brengla eða skipta með öðru rit- eða myndmáli.

Myndmerking.

7. gr.

Viðvörðunin „Tóbak hefur mjög skaðleg áhrif á heilsu“ skal prentuð eða rækilega fest á mest áberandi stað á umbúðir tóbaks. Hún skal vera skýr og læsileg, feitlettuð, prentuð á bakgrunn sem sker sig frá á þann hátt að ekki sé hættá á að hún skemmist þegar umbúðirnar eru opnaður og ekki vera prentuð á gagnsæjar umbúðir eða aðrar ytri umbúðir. Viðvörðunin skal þekja a.m.k. 4% flatar vindlingapakka en 1% flatar á öðrum tóbaksumbúðum.

Á hlið vindlingapakka skulu prentaðar upplýsingar um tjöru- og nikótíninnihald viðkomandi tegundar samkvæmt ISO-stöðlum 4387 og 3400. Ganga skal úr skugga um

nákvæmni slíkra upplýsinga í samræmi við ISO-staðal 8243. Upplýsingarnar skulu vera á íslensku, prentaðar á hlið pakkans með skýru læsilegu letri sem sker sig frá bakgrunni og þekur a.m.k. 4% flatar.

Á umbúðir sem innihalda tóbaksvörur skal einnig prentuð viðvörðun samkvæmt fyrirmynd er birtist sem fylgiskjal 2 með reglugerð þessari. Stærð merkingarinnar skal vera 30x40 mm. Ekki er heimilt að setja merkingar á glært plast eða aðrar ytri umbúðir.

Á vindlingum skulu merkingarnar vera á framhlið eða bakhlið hvers pakka. Í hverri vindlingasendingu, sem kemur til landsins, skulu allar merkingar notaðar jafnt á hverri tegund.

Á vindlum og reyktóbaki (píputóbaki), skulu merkingarnar settar á aðalhlið neytendaumbúða. Skulu báðar merkingarnar notaðar jöfnum höndum. Á nefntóbaki og munntóbaki skulu merkingarnar settar á aðalhlið neytendaumbúða.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Tóbaksvarnarnefndar, breytt myndmerkingum. Ákvörðun um slíkt skal birt eigi síðar en 6 mánuðum fyrir gildistöku.

Kostnaður.

8. gr.

Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við merkingar samkvæmt reglugerð þessari.

Viðurlög.

9. gr.

Sá sem brýtur gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal sæta sektum eða varðhaldi sé brot ítrekað.

Gildistaka o.fl.

10. gr.

Ákvæði 1. - 6. gr. reglugerðar þessarar eru í samræmi við tilskipun 89/622/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnisýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi merkingar á tóbaksvörum og tilskipun 92/41/EBE um breyting á tilskipun 89/622/EBE.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 6. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 499/1984, um viðvörðunarkerkingar á tóbaki.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrirmæli um merkingar skv. 2. - 6. gr. eða 7. gr. reglugerðar þessarar skulu þegar koma til framkvæmda þó þannig að framleiðendur hafa frest til 1. ágúst 1996 til að uppfylla fyrirmæli 1. og 2. mgr. 7. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júlí 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Dögg Pálsdóttir.

Fylgiskjal 1

A. Viðvörðunarmerkingar á vindlinga og vafningstóbak.

- „Reykingar valda krabbameini“
- „Reykingar valda hjartasjúkdómum“
- „Reykingar valda banvænum sjúkdómum“
- „Reykingar valda dauða“
- „Reykingar móður á meðgöngu skaða fóstrið“
- „Verðið börnin - látið þau ekki anda að sér tóbaksreyk“
- „Reykingar þínar eru heilsuspillandi fyrir þá sem eru nálægt þér“
- „Ef þú hættir að reykja dregur þú úr líkum á alvarlegum sjúkdómum“
- „Reykingar valda fíkn“

B. Viðvörðunarmerkingar á vindla og reyktóbak.

- „Reykingar valda krabbameini“
- „Reykingar valda ólæknandi sjúkdómum“
- „Reykingar hafa skaðleg áhrif á þá sem eru nálægt þér“
- „Reykingar valda hjartasjúkdómum“

Fylgiskjal 2.

(myndir)


Sígarettur:

Nr. 1




Pant. Process Blue

Nr. 2



Pant. Red 032

Nr. 3



Pant. Purple

Nr. 4



Pant. nr.172 (orange)

Nr. 5



Pant. Reflex Blue

Nr. 6



Pant. Process Black 26

Vindlar og reyktóbak:

Nr. 7



Pant. Reflex Blue


Nr. 3



Pant. Purple

Neftóbak og munntóbak:

Nr. 8



Pant. Red 021

Pant. = Pantone

9. gr.

Í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra úrskurðar trúnaðarmaður um sérstök tilvik sem kunna að koma upp varðandi prófið eða framkvæmd þess. Telji trúnaðarmaður eða skólastjóri það nauðsynlegt, skal hafa samband við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála um lausn vandamálsins.

10. gr.

Í sérstökum tilvikum geta nemendur þurft að hætta próftöku eftir að próf er hafið t.d. vegna veikinda. Aðrar ástæður geta einnig talist gildar til að nemandi hætti próftöku. Trúnaðarmaður og skólastjóri meta hvort ástæða er gild eða ekki. Trúnaðarmaður sér til þess að prófhefti nemandar sem verður að hætta próftöku, séu sérstaklega merkt, ástæða skráð og fylgi prófheftum viðkomandi nemandar.

11. gr.

Þegar gengið er frá úrlausnum að prófi loknu, sér trúnaðarmaður til þess að þeim sé raðað í samræmi við nafnalista nemandar, hvert hefti fyrir sig í sérstökum bunka.

12. gr.

Trúnaðarmaður sér um að koma prófúrlausnum til Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála strax að loknu prófi, með ábyrgðarpósti eða á annan tryggilegan hátt.

13. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 516/1996 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum, sbr. 46. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 26. mars 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 433/1995 um viðvörunarmerkingar á tóbaki.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. hljóðar svo:

Viðvörunin skal vera skýr og læsileg, feitletruð, prentuð á bakgrunn sem sker sig frá og á þann hátt að ekki sé hætta á að hún skemmist þegar umbúðirnar eru opnaðar og ekki vera prentuð á gagnsæjar umbúðir eða aðrar ytri umbúðir. Stærð viðvarana skal vera skv. 3. mgr. 3. gr. á umbúðum vindlinga en 2. mgr. 4., 5. og 6. gr. á öðrum tóbaksumbúðum, sbr. 7. gr. um myndmerkingar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996, tekur þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. mars 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Sólveig Guðmundsdóttir.

13. gr.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til að leggja sjóðinn niður, og skulu þá eignir hans renna til skólamála á Akranesi.

14. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Akranesi, 20. febrúar 1997.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. apríl 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um bann við sölu á munntóbaki og fínkornóttu neftóbaki.

1. gr.

Bannað er að flytja inn, framleiða og selja fínkornótt neftóbak.

Með fínkornóttu neftóbaki er átt við neftóbak þar sem að minnsta kosti helmingur korna er minni en 0,5 mm að þvermáli.

2. gr.

Bannað er að flytja inn, framleiða og selja munntóbak, að undanskildu skrotóbaki.

Með skrotóbaki er átt við munntóbak sem er tuggið, er í bitum en ekki komum. Skro er ekki í grisjum.

3. gr.

Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins hafa eftirlit með því að ákvæði reglugerðar þessarar séu virt.

4. gr.

Um viðurlög við brotum á reglugerð þessari fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 74/1984, sbr. lög 101/1996 um tóbaksvarnir.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 8. sbr. 16. gr. laga nr. 74/1984, sbr. breytingu nr. 101/1996 og að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið hvað eftirlit heilbrigðisnefnda og Hollustuverndar ríkisins varðar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. apríl 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Sólveig Guðmundsdóttir.

REGLUR

um tóbaksvarnir á vinnustöðum.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

- 1.1 Markmið þessara reglna er að tryggja að starfsmenn sem ekki reykja verði ekki fyrir skaða og óþægindum af völdum tóbaksreyks á vinnustað sínum og jafnframt að veita fólki sem kemur á vinnustað vegna viðskipta eða þjónustu slíka vernd.
- 1.2 Ákvæði 2. greinar reglna þessara varða sérstaklega stofnanir og staði þar sem reykingar eru bannaðar samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.
- 1.3 Ákvæði 3. til 5. greinar varða sérstaklega atvinnuhúsnæði þar sem reykingar eru ekki bannaðar með öllu samkvæmt 10. grein laga nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996. Ákvæðin gilda meðal annars um þann hluta vinnustaðar sem sérstaklega er ætlaður starfsfólki á stöðum sem almenningur hefur aðgang að vegna afgreiðslu eða þjónustu og falla því undir 9. grein sömu laga.

2. gr.

Skólar og heilbrigðisstofnanir.

- 2.1 Reykingar eru með öllu óheimilar í grunnskólum, leikskólum og hvers konar dagvistum barna. Nær bannið til húss og lóðar. Einnig eru reykingar bannaðar í húsa- kynnum sem ætluð eru til félags-, íþrótt- og tómstundastarfa barna og unglinga innan 18 ára. Ekki er heimilt að hafa neins konar afdrep fyrir reykingar á þessum stöðum.
- 2.2 Reykingar eru bannaðar í framhaldsskólum og sérskólum. Með framhaldsskólum og sérskólum er átt við skóla sem þannig eru skilgreindir í lögum eða af menntamála- ráðuneytinu. Nær bannið til allra húsakynna og lóða á vegum skólanna. Ekki er heimilt að hafa neins konar afdrep fyrir reykingar í þessum skólum.
- 2.3 Reykingar eru með öllu bannaðar á heilsugæslustöðvum. Nær bannið til allra húsa- kynna stöðvanna og skal ekki reykt á svölum og ekki í eða við anddyri. Ekki er heimilt að hafa neins konar afdrep fyrir reykingar á heilsugæslustöðvum. Sama gildir um læknastofur, tannlæknastofur, sjúkrahjálfunarstofur og aðra staði sem veita heil- brigðisþjónustu.
- 2.4 Reykingar eru bannaðar á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Nær bannið til allra húsa- kynna þeirra og skal ekki reykt á svölum og ekki í eða við anddyri. Vismönnum er þó heimilt að reykja í herbergjum sínum og leyfa þar reykingar, öðrum en starfs- mönnum.
- 2.5 Reykingar eru bannaðar á sjúkrahúsum. Nær bannið til allra húsakynna sjúkrahúsanna og skal ekki reykt á svölum og ekki í eða við anddyri. Ekki er heimilt að hafa neins konar afdrep fyrir reykingar starfsmanna, en heimilt er að leyfa sjúklingum að reykja í vissum tilvikum í sérstöku vel loftræstu afdrepi, sem til þess er ætlað. Séu reyk- ingaafdrepi fyrir sjúklinga á sjúkrahúsum er starfsfólki óheimilt að reykja þar.

3. gr.

Staðir sem almenningur hefur aðgang að vegna afgreiðslu eða þjónustu.

- 3.1 Í þeim hluta af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra þar sem almenningur leitar aðgangs vegna afgreiðslu eða þjónustu eru reykingar öllum óheimilar. Undir þetta falla meðal annars afgreiðslusvæði, forstofur, gangar, biðstofur, snyrtiherbergi og hvers konar áhorfendaskvæði.
- 3.2 Um þann hluta atvinnuhúsnæðis samkvæmt grein 3.1 sem eingöngu er ætlaður starfsmönnum á þessum stöðum gilda ákvæði 4. og 5. greinar. Þess skal þó gætt að reykur berist ekki inn á þau svæði er ætluð eru viðskiptavinum eða þjónustugegum.

4. gr.

Annað atvinnuhúsnæði.

- 4.1 Í vinnurými eru tóbaksreykingar óheimilar, sbr. þó grein 4.2.
- 4.2 Sé starfsmaður einn um vinnurými sem tengist öðru vinnurými einungis með lokanlegum dyrum, og sinni hann ekki afgreiðslu eða þjónustu, sbr. grein 3.1, getur atvinnurekandi/forstöðumaður á vinnustaðnum heimilað honum að reykja í vinnurýminu meðan hann er þar einn. Vinni tveir eða fleiri í sama rými má með sömu skilyrðum heimila þeim að reykja þar, séu þeir báðir/allir reykingamenn og samþykki hver og einn þeirra þá tilhögun. Starfsmaður getur ávallt afturkallað samþykki sitt og það fellur sjálfkrafa úr gildi hætti starfsmaður að reykja. Óheimilt er að nýta vinnurými sem reykingaafdrepp skv. grein 4.11 enda þótt reykingar séu leyfðar þeim sem þar vinna.
- 4.3 Ekki skal leyft að reykja í vinnurými sé ekki unnt að koma í veg fyrir að reykloft berist þaðan til annarra svæða á vinnustað, þ.m.t. með loftræstikerfi. Ef efni sem geta verið krabbameinsvaldandi, önnur en tóbaksreykur, eru í andrúmslofti í vinnurými (sem gufa, reykur, ryk eða smásæir dropar), skal heldur ekki leyft að reykja þar.
- 4.4 Ákvæði greina 4.1 til 4.3 gilda um bifreiðir fyrirtækja og stofnana.
- 4.5 Í kaffi- og matstofum eru reykingar óheimilar.
- 4.6 Á fundum sem haldnir eru á vinnustað er óheimilt að reykja. Tekur það bæði til starfsmanna á vinnustaðnum og annarra sem fundinn kunna að sækja.
- 4.7 Í forstofum, göngum og lyftum eru tóbaksreykingar óheimilar.
- 4.8 Óheimilt er að reykja í búnings- og fataherbergjum, snyrtiherbergjum og salernum.
- 4.9 Ákvæði greina 4.1 til 4.8 gilda um vinnuskúra, tjöld og annað færanlegt húsrými á vegum fyrirtækja og stofnana.
- 4.10 Ef starfsmenn sofa í svefnskálum, tjöldum eða annars konar búðum sem tilheyra vinnustað eru reykingar óheimilar í svefnrými sem tveir eða fleiri eru saman um. Í öðru sameiginlegu rými eru reykingar óheimilar ef einhver starfsmaður sem það notar hefur á móti því að þar sé reykt.
- 4.11 Heimilt er að hafa afdrepp fyrir reykingar á vinnustað. Skal það vel loftræst og þannig fyrir komið að tóbaksreykur berist ekki til annarra svæða á vinnustaðnum. Einnig skal þess gætt að tóbaksreykur berist ekki inn í vistarverur fólks í nærliggjandi húsnæði vegna fyrirkomulags loftræstingar, sbr. byggingareglugerð og heilbrigðisreglugerð.
- 4.12 Atvinnurekandi/forstöðumanni er heimilt að takmarka reykingar starfsmanna í húsnæði og á lóð meira en fram kemur í greinum 4.1 til 4.10, þar með talið að banna þær með öllu.
- 4.13 Á veitingastöðum og skemmtistöðum sem eru að öllu leyti eða hluta til undanþegnir reykingabanni skv. 9. gr. laga nr. 74/1984 sbr. lög nr. 101/1996, skulu reglur þessar gilda um allt húsnæði sem starfsmenn hafa einir aðgang að.
- 4.14 Í opinberum stofnunum, öðrum en þeim sem falla undir ákvæði greina 2.1 til 2.4, skulu forstöðumenn gera áætlun um bann við reykingum innan viðkomandi stofnunar

fyrir árslok árið 2000 í samráði við starfsfólk. Skal þá vera búið að takmarka reykingar í þeim öllum, jafnt stofnunum ríkis og sveitarfélaga, við sérstök afdrep sem ætluð eru fyrir reykingar, eða banna þær með öllu. Einnig er forstöðumanni opinberrar stofnunar heimilt að takmarka eða banna reykingar á lóð stofnunar. Þar til þetta hefur verið gert gilda ákvæði 4.1 til 4.12 um þessar stofnanir.

- 4.15 Ákvæði 4. greinar gilda hvorki um atvinnustarfsemi fólks á einkaheimili né heldur í einkabifreið, enda um að ræða húsnæði eða bifreið sem nýtt er einvörðungu af einstaklingum í sömu fjölskyldu eða öðrum á heimili hennar. Eftir sem áður gilda ákvæði 2. og 3. greinar um þessa staði.

5. gr.

Loftræsting.

- 5.1 Þar sem tóbaksreykingar eru leyfðar skal vera fullnægjandi loftræsting að mati eftirlitsaðila.

6. gr.

Ágreiningur, eftirlit og viðurlög.

- 6.1 Ágreining, sem upp kann að koma um framkvæmd 2. til 4. greinar skal leitast við að leysa innan vinnustaðanna sjálfra í öryggisnefnd eða með viðræðum vinnuveitenda, yfirmanna og þeirra starfsmanna sem í hlut eiga.
- 6.2 Telji starfsmaður reglur þessar brotnar og náist ekki að leysa ágreining sbr. grein 6.1 getur viðkomandi kært það til öryggistrúnaðarmanns eða öryggisnefndar á viðkomandi vinnustað. Sætti starfsmaður sig ekki við úrlausn getur hann skotið málinu til Vinnueftirlits ríkisins eða heilbrigðiseftirlits eftir því sem við á.
- 6.3 Vinnueftirlit ríkisins annast eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Vinnueftirlit ríkisins og Hollustuvernd ríkisins geta þó gert með sér samkomulag um það að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga annist eftirlitið á tilteknum vinnustöðum, að höfðu samráði við heilbrigðisnefndir.
- 6.4 Um brot á reglum þessum fer skv. lögum nr. 74/1984 um tóbaksvarnir sbr. lög nr. 101/1996 og, eftir því sem við á, ákvæðum 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. gr.

Gildistaka.

- 7.1 Reglur þessar eru settar samkvæmt 12. og 16. gr. laga nr. 74/1984 um tóbaksvarnir með síðari breytingum, sbr. lög nr. 101/1996, og samkvæmt lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, að höfðu samráði við Vinnueftirlit ríkisins. Að því leyti sem reglur þessar heimila að reykt sé á vinnustað víkja þær fyrir öðrum reglum og lögum sem banna reykingar vegna hreinlætis eða öryggis svo sem vegna framleiðslu matvæla, eldhættu eða öryggis í flugi. Sérstakar reglur gilda um reykingar í skipum.
- 7.2 Reglur þessar öðlast gildi 15. júní 1999. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 487 frá 24. desember 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. febrúar 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.